



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði Ítalíuforseta
Róm
5. nóvember 1998

Heiðraði forseti Oscar Luigi Scalfaro
Virðulegir gestir

Ég færi yður einlæggar þakkir fyrir hlý orð yðar og fögur ummæli í samúðarkveðjunni sem þér senduð mér og fjölskyldunni við andlát Guðrúnar Katrínar.

Það er framandi tilfinning, blandin sársauka og söknuði, að koma nú til Rómar án hennar, borgar sem við unnum bæði og tengist minningum um margar glaðar stundir sem við áttum hér saman, gönguferðum um litfögur stræti sem geyma sögu aldanna og samræðum um örlög þjóða við þrep fornra mustera.

Á heitum vorkvöldum leiddumst við í hálförökrinu að loknum unaðslegum ítölskum máltíðum og borgin umvafði ást okkar, ómur Rómar sú tónlist sem tengdi sálir okkar, skóp augnablik sem eru glitrandi gimsteinar í minningunni.

Ég veit, virðulegi forseti, að þér þekkið af eigin raun þá lífsreynslu að þurfa við fráfall eiginkonu að fóta sig á ný í verkum og takti daglegs lífs.

Þér og dóttir yðar Marianna hafið sýnt mér og ungrri dóttur minni Tinnu mikinn skilning og samkennd þegar þið bæði takið nú á móti okkur hér í Róm. Við verðum ætíð þakklát fyrir þá einstöku vinsemd.

Íslendingar varðveita kærar minningar um heimsókn yðar til Íslands; alþýðleg framgangna yðar, stjórnvíska og hollusta við lýðræði, framfarir og menningarþróun í Evrópu vakti aðdáun íslenskrar þjóðar.

Ég hef oft vitnað til þeirra orða yðar í viðræðum okkar á Bessastöðum að kjarninn í hinu nýja samvinnuferli í Evrópu sé hvorki viðskipti né fjármálakerfi, eins og ætla mætti af ummælum ýmissa, heldur fyrst og fremst evrópsk menning, verðmæti lista, hugsunar og þekkingar.

Þessi vísdómur fellur vel að sögu Íslendinga og virðingarsessi Ítalíu í samfélagi þjóðanna, sýnir glöggt samhengið í sjálfskilningi Ítala og Íslendinga.

Það eru tungumál okkar að fornu og nýju, bókmenntir frá gömlum gullöldum til nútíma, listsköpun á grundvelli hefða og trúar umbreytt í hringiðu alþjóðlegra áhrifa okkar tíð sem hefur gert Ítölum og Íslendingum kleift að halda velli þótt álfa okkar og heimurinn allur hafi gengið í gegnum þrautaskeið og byltingartíma.

Í raun eru samskipti okkar í þúsund ár vitnisburður um að saga Evrópu í norðri og suðri myndar eina heild.

Í fornum sögum Íslendinga sem varðveittar eru á skinnhandritum sem þér, virðulegur forseti, sáuð með eigin augum í heimsókn yðar til Íslands, er rakinn æviferill kvenskörungsins Guðríðar Þorbjarnardóttur. Hún ólst upp á Íslandi, var um og upp úr árinu 1000 í för víkinga sem fundu meginland sem þeir nefndu Vínland en síðar hlaut heitið Ameríka, kom svo aftur til Íslands, hélt þaðan til Rómar til að styrkja trú sína og varði ævikvöldi sínu í íslensku klaustri.

Guðríður Þorbjarnardóttir var fyrsta konan sem sögur fara af að gist hafi bæði Ameríku og Róm, kristin íslensk kona sem helgaði ferðir sínar frelsaranum, flutti trúarsannfæringu frá Róm til ættjarðar sinnar Íslands fyrir um 10 öldum síðan.

Saga þjóðar minnar geymir marga slíka kafla um áhrifamátt tengslanna við Ítalíu, áminningar um að evrópsk samvinna og samkennd eru ekki uppfinning sérfræðinga og embættismanna á síðari áratugum heldur burðarás í aldalangri sjálfsvitund okkar.

Endurnýjun og umsköpun íslenskrar menningar á þessari öld voru ríkulega ofin úr ítölskum áhrifaþráðum.

Skáldjöfurinn og nóbelshafinn Halldór Kiljan Laxness sótti frumkraft æskuverka sinna til Ítalíu. Brautryðjendur í höggmyndalist og óperusöng öðluðust þjálfun og hæfni hjá ítölskum meisturum. Íslensk myndlist naut innblásturs frá suðri þótt hið tæra norðlæga loft og litasinfónía íslenskrar náttúru – hraun, jöklar, eldfjöll, fossar, græn tún og

svartir sandar – hafi gefið okkur málverk sem njóta sérstöðu í menningarheimi Evrópu.

Það sýndi vel glöggt auga yðar, virðulegi forseti, að á upphafsstundu heimsókn að yðar til Bessastaða skynjuðuð þér á persónulegan hátt hina einstöku túlkun íslenskra málara á undraverki og litadýrð náttúrunnar.

Ég færi yður alúðarþakkir og virðingu íslenskrar þjóðar fyrir það frumkvæði yðar að færa til Rómar sýningu á íslenskri 20. aldar myndlist í tengslum við heimsókn mína.

Það eru ekki aðeins aldalöng tengsl sem gert hafa samskipti Ítala og Íslendinga fjölpætt og sterk, sönnun þess að samhengið í evrópskri menningu í norðri og suðri er bindiefni sem dugar.

Á síðari hluta 20. aldar hafa þjóðir okkar einnig verið bandamenn í sigursælli báráttu fyrir friði og öryggi, lýðræði og mannréttindum í álfunni.

Næsta vor munum við ásamt öðrum stofnþjóðum NATO fagna 50 ára afmæli bandalagsins og ræða hvernig það færir fleiri þjóðum Evrópu fullgilda aðild að ákvörðunum um öryggisskipan á nýrri öld. Þar teljum við Íslendingar að nýfrjáls ríki í norðurhluta álfunnar eigi jafnan rétt á við þau sem eiga landamæri um hana miðja eða til suðurs.

Ísland mun á næsta ári verða í forsæti Evrópuráðsins og væntir góðrar samvinnu við ítalska vinapjóð um að styrkja mannréttindi, menningarþróun og lýðræðisskipan um álfuna alla. Evrópuráðið er eina stofnunin þar sem nær allar þjóðir Evrópu hafa bundist formlegum samvinnuböndum. Það er því mikilvægt að styrkja hlutdeild Evrópuráðsins í nýsköpun álfunnar.

Þótt Ísland hafi ásamt Noregi og Sviss kosið að vera sá hluti Vestur-Evrópu sem ekki á aðild að Evrópusambandinu hefur þátttaka okkar í stofnun og þróun Evrópska efnahagssvæðisins gert Ísland að nánu samstarfsríki Evrópusambandsins á sviðum efnahags, viðskipta og fjármála. Við metum mikils þessi samvinnutengsl við Ítalíu og önnur ríki Evrópusambandsins og munum kappkosta að efla þau á nýrri öld.

Ísland hefur einnig ásamt öðrum Norðurlöndum þróað á þessum áratug ný form samvinnu á norðurslóðum, samvinnu þar sem Norðurlönd ásamt Eystrasaltsríkjunum, Evrópusambandinu, Rússlandi, Bandaríkjunum og Kanada eru eftir endalok kaldastríðsins að bregðast við nýjum verkefnum og nýjum aðstæðum.

Hin nýju svæðasamtök – Eystrasaltsráðið, Barentsráðið og Norðurheimskautsráðið – mynda nú keðju samstarfs sem nær frá Rússlandi yfir norðurhluta Evrópu til Ameríku. Þessi nýja stofnanaskipan sýnir á áhrifamikinn hátt ríkan vilja til að takast á við vandamál á sviði umhverfisverndar, kjarnorkuefna, öryggismála, efnahagsþróunar, friðsamlegrar sambúðar, lýðræðis og mannréttinda. Farsæl lausn þeirra er mikilvæg fyrir stöðugleikann í álfunni og aðlögun Rússlands að lýðræðislegum samskiptaháttum.

Á þessum vettvangi geta Íslendingar og aðrar þjóðir Norður-Evrópu gegnt mikilvægu hlutverki en áriðandi er að þjóðir Suður-Evrópu sýni þessari þróun skilning og hvatningu. Aðeins á þann hátt mun okkur takast í sameiningu að gera öryggi, framfarir og friðsæld í Evrópu allri að varanlegri skipan.

Við Íslendingar metum mikils að eiga samvinnu við Ítali um þróun Evrópu. Við teljum að samvinna okkar, útvarðaðþjóða Evrópu í norðri og suðri, sé staðfesting á samhenginu í menningarlegum, efnahagslegum og stjórnmálalegum sköpunarkrafti álfunnar.

Við vitum að hér á Ítalíu eigum við góða vini. Þér og fjölskylda yðar, virðulegi forseti, hafið eins og þúsundir Ítala verið um langa hríð aðdáendur íslenskra sjávarafurða. Án íslenska saltfisksins yrði ítalskt heimilishald og hátíðarstundir tvímælalaust fábrotnari.

Við sem fylgdum yður í fiskvinnslufyrirtækin í heimsókn yðar til Íslands munum vel hrifningu yðar af meðferð hins dýrmæta sjávarfangs. Það er því í samræmi við þá reynslu yðar og farsæl viðskipti þjóða okkar alla öldina að við opnun málverkasýningarinnar á morgun verður yður, virðulegi forseti, einnig færður að gjöf úrvals íslenskur saltfiskur, innsigliðsvara vináttu Íslands og Ítalíu, gæðafiskur sem fyrr á öldum var höfuðtáknin í skjaldarmerki Íslands.

Ég færi yður þakkir fyrir þá virðingu og vinsemd sem þér hafið sýnt mér og fylgdarliði mínu við upphaf opinberrar heimsókn minnar til Ítalíu.

Ég bið virðulega gesti að rísa á fætur og hylla forseta Ítalíu, Oscar Luigi Scalfaro, og minnst ævarandi vináttu Ítala og Íslendinga.